



Reykjavík 1. nóvember 2020

Bréf sent prestum, djáknum og sóknarnefndum

**Efni:**

*Safnaðarheimilin og skólarnir  
Eflum samstarf, finnum sameiginlegar lausnir*

Ágæta samverkafólk.

Í Silfrinu í morgun í Ríkissjónvarpinu fjallaði Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra, um skólastarfið í landinu á þessum fordæmalausu tímum heimsfaraldurs. Þar ræddi hún meðal annars um þörfina fyrir aukið rými fyrir skólastarfið, í ljósi hertra sóttvarnaraðgerða.

Ég beini því til ykkar, kæra forystufólk í sóknum landsins, að bjóða fram húsnaði kirkjunnar, safnaðarheimilin, til skólastjórnenda í ykkar hverfi, til kennslu, verði því við komið. Nú þurfum við öll að snúa bökum saman og þarna gætu sóknir kirkjunnar lagt dýrmætt lóð á vogaskálarnar í baráttunni við þessa vá, skólastarfinu til heilla og til þjónustu við börn þessa lands.

Kirkja og skóli hafa í aldir verið samverkamenn í uppeldi og fræðslu komandi kynslóða. Stundum hefur gefið á bátinn í þeim samskiptum og í því samstarfi, og þá kannski sérstaklega undanfarin ár, þar sem sumstaðar hefur myndast gjá milli þessara máttarstólpa samfélagsins.

Ég hvet ykkur, kæru prestar og kæru sóknarnefndir, til að bjóða fram aðstoð kirkjunnar, á þessum fordæmalausu tímum, verði það til að koma að lausn þess vanda sem blasir við skólastjórnendum og skólastarfinu. Víða eru starfsdagar í skólum á morgun, mánudag, þar sem stjórnendur eru að vinna að lausn og leiðum. Endilega leyfið skólastjórnendum að heyra frá ykkur og bjóðum aðstöðu kirkjunnar strax fram, þar sem því verður við komið.

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.